



Jafnréttisstefna og aðgerðaráætlun Háskólans á Hólum 2021-2023

Inngangur

Hér koma fram helstu áherslur Háskólans á Hólum (HH) í jafnréttismálum fyrir árin 2021-2023. Grundvallaratriði í háskólasamfélagi, sem aðhyllist hugsjónir lýðræðis, manngildis og mannréttinda, er að allir séu jafnir fyrir lögum og njóti mannréttinda án tillits til kyns, kyngervis, trúarbragða, skoðana, kynhneigðar, kynvitundar, skertrar starfsgetu, aldurs, holdafars, uppruna, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu. Þessi skilgreining byggir á grundvallaratriðum í stjórnarskrá Íslands og alþjóðasáttmálum sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað.

Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi í allri starfsemi Háskólans á Hólum, á öllum sviðum. Öllum deildum og sviðum er gert að vinna samkvæmt jafnréttisstefnu þessari. Mikilvægt er að jafnréttisstarfið taki mið af breytingum í íslensku og alþjóðlegu samfélagi. Áhersla er lögð á jafnrétti kynjanna en einnig á hinar fjölmörgu víddir jafnréttis.

Starfsfólk og stúdentar við Háskólann á Hólum þurfa að þekkja markmið skólans í jafnréttismálum. Til að svo megi vera skal Jafnréttisnefnd háskólans sjá til þess að áætlunin verði vel kynnt innan háskólans.

Jafnréttisstefnan, ásamt aðgerðaráætlun, er unnin af jafnréttisnefnd undir stjórn formanns nefndarinnar og í samvinnu við stjórnendur háskólans. Markmiðin byggja á upplýsingum um stöðuna á viðkomandi sviði og eru sett í samráði við stjórnendur og starfsfólk. Í aðgerðaráætlun koma fram tímasett markmið fyrir árin 2021-2023, ásamt skilgreiningu á ábyrgð og eftirfylgni. Jafnréttisstefnan er hluti af heildarstefnu háskólans sem er endurskoðuð reglulega.

Lög sem liggja til grundvallar

Jafnréttisstefnan, ásamt aðgerðaráætlun, er byggð á lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna nr. 150/2020, lögum um stjórnsýslu jafnréttismála nr. 151/2020, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 og lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti



og þjóðernisuppruna. Áætlunin tekur einnig mið af ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði.

Hlutverk

Jafnréttisstefnan, ásamt aðgerðaráætlun, nær til alls starfsfólks og stúdenta, sem bera sameiginlega ábyrgð á að koma í veg fyrir mismunun og leggja sitt af mörkum til þess að í háskólasamfélaginu ríki virðing, skilningur og umburðalyndi.

Deildarstjórar og sviðsstjórar bera ábyrgð á að einstökum ákvæðum jafnréttisstefnunnar sé framfylgt, en endanlega ábyrgð á jafnréttisstarfi innan Háskólans á Hólum bera háskólaráð og rektor.

Háskólaráð skipar þriggja manna jafnréttisnefnd til tveggja ára í senn á grundvelli tilnefninga frá rektor, sem áður hefur leitað eftir tilnefningum frá stúdentafélagi og starfsmönnum háskólans. Einn nefndarmanna skal vera úr hópi stúdenta og tveir úr hópi starfsmanna. Annar fulltrúi starfsmanna er jafnframt fulltrúi rektors og formaður nefndarinnar. Jafnréttisnefnd starfar samkvæmt erindisbréfi og fer með umsjón jafnréttismála í víðum skilningi.

Eftirfylgni og endurskoðun

Jafnréttisstefnan, ásamt aðgerðaráætlun, gildir til þriggja ára eða til 1. janúar 2024. Vinna skal tillögu að nýrri áætlun á haustönn árið áður en sú fyrri gengur úr gildi. Sú vinna byggir á reynslu af aðgerðaráætlun fyrri áætlunar og mögulegum könnunum meðal starfsmanna og nemenda. Á sama tíma og aðgerðaráætlunin er endurnýjuð, skal jafnréttisstefnan yfirfarin með hliðsjón að heildarstefnu háskólans.

Vinna við næstu aðgerðaráætlun skal lokið fyrir 1. desember 2023.

Jafnréttisnefnd skal standa fyrir úttekt/könnun á stöðu jafnréttismála við gerð nýrrar áætlunar og ber formaður jafnréttisnefndar ábyrgð á þeirri vinnu. Greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála hjá háskólanum komi út á 3. ára fresti og fylgi uppfærslu/gerð nýrrar jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlunar.

Markmið og aðgerðaáætlun

Í þessum kafla eru sett fram fjögur markmið, ásamt aðgerðaráætlun, fyrir tímabilið 2021-2023. Markmiðin byggja á þeim upplýsingum sem fyrir lágu við gerð áætlunarinnar og eru grunduð í heildarstefnu háskólans. Markmið I fjallar um fræðslu og kynningu á



jafnréttismálum, almennt og á víðum grundvelli, innan skólans. Markmið II fjallar um jafnréttismál starfsfólks, og stúdenta eftir því sem við á. Markmið III fjallar um að kynja og jafnréttissjónarmið endurspeglar í námi og kennslu við HH og markmið IV fjallar um að kynja- og jafnréttissambætting sé í öllum helstu stefnum, áætlunum og ákvörðunum háskólans.

Markmið I - IV:

I. Að jafnréttismál í víðum skilningi verði kynnt reglulega og með almennum hætti innan HH.

II Að jafna aðstöðu og kjör karla, kvenna og fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá, innan HH.

III. Að kynja- og jafnréttissjónarmið endurspeglar í námi og kennslu við Háskólann á Hólum.

IV. Að komið verði á kynja- og jafnréttissambættingu í allri stefnumótun, áætlanagerð og ákvörðunum innan háskólans.

Markmið I

Að jafnréttismál í víðum skilningi verði kynnt reglulega með almennum hætti innan HH.

Aðgerðir	Vörður	Tímarammi	Ábyrgð	Kynning/eftirfylgni
Jafnréttisumræða á starfsmannafundi	Árleg kynning og fræðsla á starfsmannafundum	Á starfsmannafundi í október ár hvert	Formaður jafnréttis-nefndar	Rektor Utanað komandi fyrirlestrar
Jafnréttisumræða á nýnemadögum	Árleg kynning og fræðsla á nýnemadögum háskólans, m.a. um kynferðislegt og kynbundið áreiti, o.fl.	Nýnemadagar að hausti og vori	Formaður jafnréttis-nefndar	Rektor Utanað komandi fyrirlestrar
Virk þátttaka í Jafnréttisdögum háskólanna ár hvert	Kynning og viðburðir tengdir jafnréttismálum innan HH og í samstarfi við aðra háskóla	Ár hvert í byrjun febrúar	Jafnréttisnefnd	Jafnréttisnefnd í samstarfi við stoðsvið (vef- og samfélagsmiðlaumsjón)



Jafnréttisáætlun gerð sýnilegri, bæði á íslensku og ensku	Láta þýða áætlun á ensku Birta á vef og uglu	Lok apríl 2021	Formaður jafnréttisnefndar	Formaður jafnréttisnefndar
Fræðsla, m.a. um <i>áreiði</i> sem t.d. fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og hinsegin fólk verður fyrir.	T.d. gerð vefefnis um jafnréttismál í víðum skilningi fyrir starfsfólk og stúdenta. Kanna samstarf um þessa aðgerð við aðra háskóla á næsta fundi samráðsvettvangs háskólann um jafnréttismál.	Lok 2023 2021, dags ekki ákveðið	Jafnréttisnefnd	Formaður jafnréttisnefndar
Regluleg fræðsla til nemenda og starfsfólks um <i>birtingarmyndir</i> kynferðislegrar áreitni, kynbundins áreitnis, eineltis og annars ofbeldis og þau <i>úrræði</i> sem HH hefur yfir að ráða.	Tryggja sýnileika og umræðu um stefnu og viðbragðsáætlun HH um áreiði og ofbeldi. Samstarf öryggisnefndar og jafnréttisnefndar.	Á starfsmannafundi árlega í nóvember. Óska eftir fundi	Rektor, öryggisnefnd, jafnréttisnefnd Formaður jafnréttisnefndar	Starfsmannafundur <i>í nóvember</i> Öryggisnefnd Jafnréttisnefnd



Markmið II

Að jafna aðstöðu og kjör karla, kvenna og fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá, innan Háskólans á Hólum.

Aðgerðir	Vörður	Tímarammi	Ábyrgð	Kynning/eftirfylgni
Setja fram jafnlaunastefnu	Greina laun og fríðindi starfsmanna til að kanna hvort um kynbundinn launamun er að ræða	Árslok 2021	Rektor og framkvæmdaráð	Rektor Kynnt á starfsmannafundi
Taka upp notkun jafnlaunastaðals	Leiðrétta laun ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum kynjanna	Árslok 2022	Fjármálaskrifstofa	Rektor
Fá viðurkennda jafnlaunavottun sem uppfylli kröfur ÍST 85:2021	Sækja um vottun	Árslok 2021	Rektor/ fjármálaskrifstofa	Rektor
Tryggja fjármagn vegna þýðinga á helstu skjölum háskólans og texta á heimasíðu og uglu eftir atvikum	Allt efni á uglu og vef sé bæði á íslensku og ensku Sækja um styrk	Lok árs 2021	Rektor og framkvæmdaráð Formaður jafnréttisnefnd og formaður starfsnefnd erlendra starfsmanna	Rektor Formaður jafnréttisnefnd og formaður starfsnefnd erlendra starfsmanna
Jafna fjölda karla og kvenna í sambærilegum störfum.	Deildir og svið setji sér markmið um að jafna kynjaskiptingu innan starfs- og fræðasviða þar sem hún er ójöfn. (M.a í þeim tilgangi að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og	Lok árs 2023	Rektor, deildar- og sviðsstjórar	Árleg kynning á kynjaþróun starfsmannahóps á starfsmannafundi í október



	vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla, og að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf)			
Styðja við íslenskunám fyrir starfsfólk og framhaldsnema af erlendum uppruna.	Gerð aðgerðaráætlunar Samtal við rektor og deildarstjóra Eiga samstarf við og styðja starfsnefnd erlendra starfsmanna/ <i>foreign staff issues</i> Samstarf við símenntunarmiðstöðvar	Að til verði aðgerðaráætlun fyrir lok árs 2021 Viðvarandi verkefni	Rektor, deildarstjórar	Jafnréttisnefnd Starfsnefnd erlendra starfsmanna
Við auglýsingu starfa og námsstaða sé gætt jafnræðis.	Gerð verklagsreglna sem leiðbeina um gerð starfs-/námsauglýsinga þar sem hvatt er til umsókna óháð kyni, uppruna, o.fl.	Viðvarandi Verklagsreglur verði tilbúnar í árslok 2021	Rektor, deildar- og sviðsstjórar	Auglýsingar frá skólanum Eftirfylgni: Jafnréttisnefnd
Við tilnefningu, kosningu og/eða skipan í nefndir, stjórnir, ráð, starfshópa eða hvers kyns vinnuhópa innan háskólans, sem og á vegum hans, skal hlutfall kynja vera sem jafnast	Vinna samkvæmt reglum hins opinbera um jöfn kynjahlutföll Gerð verklagsreglna þar um	Viðvarandi Verklagsreglur tilbúnar fyrir árslok 2022	Rektor, deildar- og sviðsstjórar	Starfsmannafundur í október, yfirlit yfir kynjahlutföll í nefndum, stjórnnum og starfshópum háskólans Eftirfylgni: Jafnréttisnefnd



<p>Að öllu starfsfólki sé kynnt möguleikar þess til framgangs í starfi</p>	<p>Reglur HH um framgang í starfi fyrir akademíska starfsmenn og reiðkennara séu til á íslensku og ensku</p> <p>Kjarasamningsbundin réttindi allra starfsmanna</p>	<p>Árlegt starfsmanna-samtal við næsta yfirmann</p>	<p>Næsti yfirmaður og rektor</p>	<p>Árleg starfsánægjukönnun HH</p>
<p>Að starfsfólki og nemendum verði gert kleift að samræma starfsskyldur og fjölskyldulíf</p>	<p>Samkvæmt heildarstefnu háskólans</p> <p>Fylgja markmiðum átaksins „Betri vinnutími“</p>	<p>Árlegt starfsmanna-samtal við næsta yfirmann</p>	<p>Næsti yfirmaður og rektor</p>	<p>Árleg starfsánægjukönnun HH</p>
<p>Regluleg uppfærsla og endurbætur á jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun HH</p>	<p>Gert á 3 ára fresti, sbr lög 150/2020</p> <p>Í takt við stefnu háskólans</p> <p>Tillaga að nýrri áætlun á haustönn árið áður en sú fyrri gengur úr gildi</p> <p>Breytingar kynntar þeim er málið varðar (framkvæmdaráð, kennslusvið, mannauðsmál) á haustönn árið áður en sú fyrri gengur úr gildi</p>	<p>Næst fyrir 2024-2027</p> <p>Fyrir 1. desember 2023</p>	<p>Jafnréttisnefnd, rektor</p>	<p>Kynning á nýrri jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun á starfsmannafundi</p>



Markmið III

Að kynja og jafnréttissjónarmið endurspeglis í námi og kennslu við Háskólann á Hólum.

Aðgerðir	Vörður	Tímarammi	Ábyrgð	Kynning/Eftirfylgni
Fjölga nemendum af því kyni sem er í minnihluta með markvissum aðgerðum	Kynning á námsleiðum, námsefni og kennslutilhögun sé þannig að hún höfði til allra kynja og að áhersla sé á að vekja athygli þess kyns sem á hallar.	Viðvarandi 2021-2023	Deildarstjórar, umsjónaraðili kynningarmála, kennslusvið	Háskóladagurinn Kynningarbæklingar Vefur HH Samfélagsmiðlar
Að (þekking á) jafnrétti í víðum skilningi verði hluti af námi við Háskólann á Hólum	Fræðsla til kennara á íslensku og ensku í öllum deildum Jafnréttisgátlisti á íslensku og ensku fyrir kennara Kanna samstarf við aðra háskóla á næsta fundi samráðsvettvangs háskólann um jafnréttismál (m.a. um gerð gátlisti)	Árslok 2022 Árslok 2022 2021, dags á fund ekki komin	Deildarstjórar /jafnréttisnefnd Jafnréttisnefnd Jafnréttisnefnd	Setja á dagskrá deildar og sviðsfunda. Innramat/gæðaúttektir deilda Utanað komandi fyrirlestrar á starfsmannafundum/deildarfundum eftir atvikum Sýnilegt/aðgengilegt á uglu



Markmið IV

Að komið verði á kynja- og jafnréttissambættingu í allri stefnumótun, áætlanagerð og ákvörðunum innan háskólans.

Aðgerðir	Vörður	Tímarammi	Ábyrgð	Kynning/eftirfylgni
Að gerð sé könnun á því og lagt <i>mat á</i> hvort kynja- og jafnréttissambætting sé í allri stefnumótun, áætlanagerð og í ákvörðunum innan háskólans	Stefna HH, fjármálastefna, gæðastefna, starfsmannastefna, rannsóknarstefna HH og einstakra deilda, námsreglur, starfsreglur, reglur um framgang og nýráðningar, reglur um rannsóknarmisseri, vinnumálastefna, málstefna, stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum, o.fl.	Fyrir lok árs 2022	Rektor, formaður jafnréttisnefndar	Starfsmannafundur í október Niðurstaða slíkrar könnunar

Staða verkefna í aðgerðaráætlun

Verkefni (Vörður)	Hvenær lokið	Hafið	Í ferli
Markmið I: Að jafnréttismál í víðum skilningi verði kynnt reglulega með almennum hætti innan HH			
Jafnréttisáætlun sýnileg á vef bæði á íslensku og ensku	lok apríl 2021	mars2021	
Fjármagn til þýðinga á ensku	árslok 2021	mars2021	
Ræða við aðra háskóla um samstarf við gerð fræðsluefnis um jafnréttismál	árslok 2021	vor 2021	
Fræðsluefni fyrir starfsfólk og stúdenta, sbr. áætlun tilbúið	viðvarandi	vor 2021	
Fræðsla um birtingamyndir kynferðislegrar áreitni, kynbundins áreitnis og ofbeldis	viðvarandi	vor2021	



Markmið II: Að jafna aðstöðu og kjör karla, kvenna og fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, innan Háskólans á Hólum.			
Kynning á nýrri jafnréttisstefnu og -áætlun 2021-2024	mars 2021	febr.2021	
Jafnlaunastefna tilbúin	árslok 2021		x
Jafnlaunastaðall tilbúinn	árslok 2021		
Jafnlaunavottun komin	árslok 2021		
Tryggja fjármagn til þýðinga á helstu skjölum, vefsíðu og á ugluumhverfi háskólans	árslok 2021	mars 2021	
Jafna fjölda karla og kvenna í sambærilegum störfum	árslok 2023		
Aðgerðaráætlun um stuðning við íslenskunám starfsfólks og framhaldsnema af erlendum uppruna	árslok 2021	mars 2021	
Verklagsreglur um auglýsingu starfa og námsstaða	árslok 2021	mars 2021	
Verklagsreglur um tilnefningar, kosningar og skipanir	árslok 2022	mars 2021	
Regluleg uppfærsla og endurbætur á jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun	1. des. 2023		
Markmið III: Að kynja- og jafnréttissjónarmið endurspeglit í námi og kennslu við Háskólann á Hólum			
Kynning á námi, námsefni og kennslutilhögun höfði til allra kynja og að áhersla sé á að vekja athygli þess kyns sem á hallar.	árslok 2024	febr. 2021	viðvarandi
Fræðsla til kennara á íslensku og ensku - fyrirlestur/-ar o.fl.	árslok 2023	mars 2021	viðvarandi
Jafnréttisgátlisti fyrir kennara á íslensku og ensku	árslok 2022		
Samstarf um gátlista fyrir jafnréttismál háskóla	árslok 2021		
Markmið IV: Að komið verði á kynja- og jafnréttissamþættingu í allri stefnumótun, áætlanagerð og ákvörðunum innan háskólans			
Könnun á samþættingu kynja- og annarra jafnréttismála í stefnum, áætlunum, reglum og ákvörðunum innan HH	árslok 2022		

Samþykkt af háskólaráði Háskólans á Hólum þann 1. mars 2021